

Jafnlaunastefna Friðheima



Stefna

Stefna Friðheima ehf. í jafnlaunamálum kveður á um að gæta fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Friðheimar ásetja sér að allt starfsfólk fái greidd jöfn laun og njóti sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf þannig að enginn launamunur sem telst ómálefnalegur sé til staðar. Hið fyrrnefnda nær þá yfir allt starfsfólk óháð kyni, fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá, kynþáttar, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.

Jafnlaunakerfi Friðheima

Friðheimar ásetja sér að innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi sem styður við ofangreind markmið og er í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafnan rétt og stöðu kynjanna. Friðheimar hafa innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynþætti eða öðrum ómálefnalegum þáttum.

Gæðastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Friðheima og að það standist fyrrnefnd lög. Jafnlaunastefnan styður við eftirfarandi ákvæði um launajafnrétti 6. gr laga nr. 150/2020:

- *Konum, körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.*
- *Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir fólk óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.*
- *Starfsfólki skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kýs að gera svo.*



Jafnlaunastefna Friðheima



Friðheimar skuldbinda sig til að:

- Innleiða jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85 og verður það skjalfest og viðhaldið ávallt í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Öðlast jafnlaunastaðfestingu í samræmi við 8. gr. laga nr. 150/2020.
- Framkvæma árlega launagreiningu amk. einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar. Kynna skal helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast við með umbótum og eftirliti ef óútskýrður launamunur er til staðar.
- Kynna jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og gera hana aðgengilega á innri- og ytri vef Friðheima.

Jafnlaunastefna þessi gildir fyrir:

Friðheimar ehf. kt. 570114-0420

Samþykkt af framkvæmdastjóra.

Reykholt 25. nóvember 2022.

